

Skólaráðsfundur 23.10. 2018 kl. 16:15 í fundarherbergi 2. hæð

Skólaráð Lágafellsskóla.

Mættir: Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri, fulltrúar foreldra: Ólöf Kristín Sívertsen og Kristín Ásta Ólafsdóttir, fulltrúar kennara: Sigríður Halldórsdóttir og Guðrún I. Stefánsdóttir, fulltrúi annarra starfsmanna: Erla Björnsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags: Jóhanna Lilja Hjörleifsdóttir. Fulltrúar nemenda: Elfa Sif Hlynsdóttir og Kolbrún Jónsdóttir.

Dagskrá fundar:

1. Kynning nýrra skólaráðsfulltrúa. Fulltrúar kynntu sig.
2. Fundartímar skólaráðs, ákveðið að hafa sex fundir yfir árið, á mánudögum kl. 16.15 í fundarherbergi 2.hæð. Dagsetningar: 23.október, 3.desember, 28. janúar, 11 mars, 29 apríl og 27.maí.
3. Guðrún Ingibjörg hefur umsjón með fundargerðum en fulltrúar skipta með sér að rita fundargerðir.
4. Handbók skólaráðs- Jóhanna kom með tillögu að allir myndu lesa handbókina og síðan yrðu ákveðnir þættir skoðaðir og ræddir.
5. Skólastarf haustsins – ráðningamál - Leiðbeinendur eru 11, þar af 5 í réttindanámi, 4 með MA gráðu og 2 með BA gráðu. 4 í réttindanámi klára í febrúar og júní..
6. Nemendafjöldi
Nemendur í 1.- 10 bekk fækkun frá því í fyrra.
Bekkjardeildir 34 þar af sjö í Höfðabergi
Leikskóli 44 – laus rými
7. Verkfærakistan – Vanda Sigurgeirsdóttir hjá KVAN er með þetta námskeið. KVAN fékk styrk frá velferðarráðuneytið fyrir 12 námskeiðum. Skólinn var heppinn að fá eitt námskeið og það eru 25 starfsmenn á námskeiðinu og fimm frá Varmárskóla. Þetta eru 6 skipti.
8. Bréf ráðuneytis vegna ytra mats. Skólinn skilaði stöðuskýrslu til ráðuneytis vegna umbótaáætlunar.
9. Félagsstarf unglíngadeildar – Fulltrúar töluðu um mjög vel heppnað ball. Mjög góð mæting. 9.bekkur fór í Þórsmörk. 8.bekkur í Vatnaskóg í fermingarfræðslu.
10. Önnur mál
 - Foreldrafélag ætlar að vera með kaffihúsakvöld 20.nóvember með Pálmari Ragnarssyni og bjóða unglíngum og foreldrum.
 - Foreldrafélagið er mjög ánægt með núvitundarkennslu sem boðið er upp á á yngsta stigi og langar í samstarfi við kennarana að vera með fund með foreldrum.
 - Skreytingardagurinn verður 30.nóvember.
 - Það kom fyrirspurn um heimasíða skólans vegna persónuverndarlaganna. Samráðsfundur, í næstu viku, hjá skólastjórnendum og persónuverndarfulltrúum Mosfellsbæjar til að ræða takmarkanir vegna nýrra persónuverndarlaganna.

Fundi slitið kl. 17.37

Fundarritari: Guðrún I. Stefánsdóttir